

BORGARRÁÐ 20. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna frestun innleiðingar Hlöðunnar - R20080079

Kynnt var á fundi borgarráðs frestun innleiðingar upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkur sem ber heitið Hlaðan. Fullyrt var á fundinum að Reykjavíkurborg bæri engan kostnað af frestuninni. 1. Hver var upphafleg kostnaðaráætlun vegna kerfisins og uppsetningu þess? 2. Hefur verkið farið fram úr kostnaðaráætlun? 3. Ef svo er, hver er ástæða þess? 4. Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt fyrir upplýsingastjórnunarkerfið allt til dagsins í dag tæmandi talið? 5. Er fyrirsjáanlegur aukakostnaður vegna innleiðingarinnar sem er ekki kominn á gjaldaga? 6. Ef svo er hvað er sá kostnaður? 7. Hvað er áætlað að endanlegur kostnaður verði þegar innleiðingu er að fullu lokið?